

Persónukjör við sveitarstjórnarkosningar

Magnús Karel Hannesson
Aðalfundur SASS 16. október 2009
Höfn í Hornafirði



Samband Íslenskra sveitarfélaga

PERSÓNUKJÖR
VIÐ SVEITARSTJÓRNARKOSNINGAR

Aðalfundur SASS 16. október 2009
Magnús Karel Hannesson
sviðsstjóri

Glæra 1

Ágætu Sunnlendingar og gestir.

Það er ánægjulegt að fá að taka þátt í þessum fundi og fylgjast með þeirri umræðu sem fram fer á vettvangi sunnlenskra sveitarstjórnarmanna. Það rifjar upp góðar minningar frá fyrri tíð.

Ég ætla að hlaup á hundavaði yfir umræðuefni sem hefur verið ofarlega á baugi meðal sveitarstjórnarmanna síðustu vikurnar og tengist umfjöllun um lýðræðisumbætur, bæði á sveitarstjórnarstiginu og hjá ríkinu.

Margir tengja þessa umræðu við svokallaðar raddir fólksins eða búsáaldabyltinguna títtnefndu, sem fram komu í kjölfar bankahrunsins fyrir um það bil einu ári.

En umræðan um lýðræðisumbætur á sér lengri aðdraganda á vettvangi sveitarfélaganna.



Glæra 2

Á 20. landsþings sambandsins vorið 2006 var samþykkt ályktun þar sem því var beint til stjórnar sambandsins að skipa vinnuhóp til að skoða leiðir til að auka á lýðræði í sveitarfélögum og leiðir til að bæta starfsumhverfi og starfskjör kjörinna fulltrúa í sveitarstjórnnum.

Lýðræðishópurinn var skipaður í febrúar 2007 og í honum sitja þessir ágætu einstaklingar: Magnús B. Jónsson, Soffía Lárusdóttir og Dagur B. Eggertsson og með þeim hefur starfað Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri hjá sambandinu.

Umfjöllunarefni hópsins hafa verið: Kjör sveitastjórnarmanna; Tímasetning sveitastjórnkosninga; Siðareglur á sveitastjórnarstigi og Lýðræði og persónukjör.

Lýðræðishópurinn lagði til við 23. landsþing sambandsins sl. vor að ekki væri ástæða til þess að breyta tímasetningu sveitarstjórnarkosninga.

Landsþingið mælti aftur á móti með því, að tillögu hópsins, að sveitarstjórnir setji sér siðareglur og að sett verði á fót sameiginleg siðanefnd á vettvangi sambandsins.

Þá var samþykkt að beina því til stjórnar sambandsins að láta taka saman yfirlit um kosti og galla mismunandi leiða til að efla lýðræði og stuðla að beinni aðkomu og þátttöku íbúa við stjórn og ákvarðanatöku á vettvangi sveitarstjórna.


Lýðræðishópurinn hefur í framhaldinu rætt um almennar atkvæðagreiðslur og persónukjör við sveitarstjórnarkosningar og látið taka saman yfirlit um mismunandi leiðir við persónukjör.

Í vor var svo myндуð ríkisstjórn Samfylkingarinnar og Vinstri hreyfingarinnar græns framboð sem var með í samstarfsyfirlýsingu sinni og eitthundrað daga áætlun eftirfarandi stefnu:

Lagt fram frumvarp um persónukjör og haft samráð við sveitarfélög um útfærslu þess í tengslum við komandi sveitarstjórnarkosningar.

Myndaður var samráðshópur ráðuneyta, fulltrúa þingflokka á Alþingi og svo fengum við Guðjón Bragason, sviðsstjóri lögfræðisviðs, að fljóta með sem fulltrúar sambandsins og sveitarfélaganna.

Persónukjórið komst því heldur betur á dagskrá og er enn á dagskrá, því á ríkisstjórnarfundi sl. þriðjudag var enn og aftur rætt um frumvarp til breytinga á lögum um kosningar til sveitarstjórna og málinu vísað til þingflokka ríkisstjórnarinnar.



Glæra 3

En það er ekkert nýtt undir sólinni og persónukjör hefur verið viðhaft í sveitarstjórnarkosningum á Íslandi um langa hríð.

Allar götur fram til 1994 var meirihluti sveitarstjórnarmanna hér á landi kjörinn óhlutbundinni kosningu, þ.e. með persónukjöri.

Þessa persónukjörsaðferð þekkja eflaust margir hér inni þar sem kjósendur rita nöfn þeirra á kjörseðilinn sem þeir vilja sjá í viðkomandi sveitarstjórn. Í sjálfu sér ekki létt verk fyrir kjósendur, því í sveitarfélagi með 5 manna sveitarstjórn eiga þeir að rita nöfn 5 aðalmanna og 5 varamanna ásamt heimilisföngum, þó að færri nöfn ógildi ekki atkvæðaseðil.

Menn hafa síðan raðast inn í sveitarstjórn eftir fjölda atkvæða sem hver og einn hefur hlotið.



Glæra 4

Og þá hafa kjósendur haft þann kost að endurraða frambjóðendum á listum við hlutfallskosningar með því að númera upp á nýtt og að auki átt þann **neikvæða** kost að strika yfir nöfn frambjóðenda sem þeir vilja alls ekki sjá í sveitarstjórn.

Þessir möguleikar hafa reyndar ekki mikil áhrif í sveitarstjórnarkosningum, nánast engin, og þarf a.m.k. helmingur kjósenda að gera sömu breytingarnar til þess að röð manna breytist á viðkomandi lista.

Aftur á móti var ákvæðum um þessa möguleika kjósenda til þess að breyta röð frambjóðenda breytt í lögum um kosningar til Alþingis árið 2000 og áhrif þeirra aukin verulega. Það hefur orðið til þess að sífellt fleiri kjósendur hafa nýtt sér þessa möguleika til áhrifa á endanlega röðun frambjóðenda og við þekkjum nærtæk dæmi þar sem röð frambjóðenda hefur breyst með útstrikunum.



Glæra 5

Kjósendur vítt og breitt um heiminn hafa möguleika á því að beita persónukjöri við kosningar til sveitarstjórna eða þjóðþinga með einum eða öðrum hætti.

Persónukjör er jafn gamalt hugmyndum um hlutfallskosningar og var fyrst þróað á fyrri hluta 19. aldar en náði þó ekki útbreiðslu fyrr en á 20. öldinni.

Til eru ýmsar útgáfur af persónukjöri. Fræðimenn hafa flokkað kosningakerfi heimsins í sex flokka eftir því hversu miklu hlutverki persónukjörið gegnir.

Í flokki A eru persónukjörskerfi þar sem kjósendur geta valið frambjóðendur þvert á flokka eða lista, eins og á Írlandi, á Möltu og Vanuatu.

Í flokk B er sterk útgáfa persónukjörs – má þar nefna Finnland, Grikkland, Eistland o.fl. ríki

Í flokki C er veik útgáfa persónukjörs – t.d. í Belgíu, Danmörku, Svíþjóð, Noregi og víðar.

Þar á eftir koma svo lokaðir flokkslistar, eins og á Íslandi, kerfi með einmenningskjördæmum og blönduð kerfi reka svo lestina.

Við skulum líta aðeins betur á persónukjörkerfin í öðrum norrænum ríkjum til fróðleiks og skemmtunar.


SVÍPJÓÐ

Framboðslistar

- Raðaðir flokkslistar

Persónukjör

- Krossað við eitt nafn



Glæra 6

Í Svíþjóð eru listar raðaðir flokkslistar. Kjósandi má setja kross við einn frambjóðanda á listanum sem kosinn er og frambjóðandi þarf að komast yfir 5% þröskuld til þess að persónuatkvæðin hafi áhrif.

Kjósendum sem taka þátt í persónukjörinu í Svíþjóð hefur farið fækkandi frá því að það var tekið upp árið 1998 – þá nýttu ríflega 35% kjósenda möguleikann til persónukjörs við sveitarstjórnarkosningar en í kosningunum 2006 um 28%.

Það má velta því fyrir sér hvort sænsku flokkarnir hafi aðlagað sig óskum kjósenda með því að stilla þannig upp að kjósendur hefðu minni ástæðu til þess að gera breytingar.



DANMÖRK

Framboðslistar

- Raðaðir flokkslistar
- Óraðaðir listar

Persónukjör

- Krossað við eitt nafn

Gribskov Kommune	
Kommunevalget 2005	
Sæt i til højre til en listebeholdelse (et partinavn) eller kandidatnavn. Sæt kun et kryds på stemmesedlen.	
A. Socialdemokratiet	
1. Pia Foght, Helsingø	
2. Bo Jul Nielsen, Græsted-Gilleleje	
3. Ulla Dræby, Helsingø	
4. Tina Cordrey, Græsted-Gilleleje	
5. Erik Kjærsgaard, Helsingø	
6. Carsten Eriksson, Græsted-Gilleleje Kommune	
7. Susanne Palner, Helsingø	
8. Inger Rudebeck, Græsted-Gilleleje	
9. Annelise Rasmussen, Helsingø	
10. Gerda Moth Greve, Helsingø	
11. Donald Axel, Helsingø	
12. Bill Lundstrøm, Helsingø	
13. Erik Rahbek, Helsingø	
B. Det Radikale Venstre	
Peter Sørensen, Gilleleje	
Karl Terpøger Andersen, Vejby	
Lars Bakke Olsen, Gilleleje	
Kirsten Frandsen, Tisvildeleje	
Christian Stolze Laursen, Dronningmølle	
Jens Zwicky, Helsingø	
Erik Arends, Gilleleje	
Eise Prisholm, Tisvildeleje	
Bodil Espersen, Rågeleje	
Rasmus Villefrance, Helsingø	

Glæra 7

Í Danmörku eru listar ýmist raðaðir eða óraðaðir. Aðeins má setja einn kross á kjörseðilinn, annað hvort við lista eða frambjóðanda. Kross við frambjóðanda telst til atkvæða listans.

Á óröðuðum lista ræður fjöldi krossa við nafn endanlegri röð frambjóðenda, en kross við nafn á röðuðum flokkslista hefur ekki sama vægi, enda fá efstu menn nokkra forgjöf frá viðkomandi flokki eða framboðslista.

Í Danmörku hefur óröðuðum listum fjölgað og þátttaka kjósenda í vali á frambjóðendum hefur farið vaxandi, en allt frá 1990 hefur um helmingur þeirra nýtt sér þennan rétt.

NOREGUR

Framboðslistar

- Raðaðir flokkslistar
- Atkvæðaálag á efstu menn


Persónukjör

- Krossað við nöfn
- Má skrifa nöfn af öðrum listum

Glæra 8

Í Noregi eru listar raðaðir flokkslistar en kjósendur geta haft áhrif á endanlega röð með því að setja kross við einn frambjóðanda eða fleiri. Flokkurinn getur þó varið efstu menn með því að setja á þá atkvæðaálag sem getur numið allt að 25% af atkvæðum listans.

Einnig er kjósanda heimilt að veita frambjóðendum á öðrum listum persónuleg atkvæði með því að rita nöfn þeirra neðst á kjörseðil, en það skerðir atkvæði listans sem kosinn er – það fylgir því sem sagt pólitísk ábyrgð að ýta undir frambjóðendum á öðrum listum.



Glæra 9


Kosningarkerfið í Finnlandi er dæmi um listakosningu þar sem persónukjör hefur mikið vægi.

Listar eru í stafrófsröð og eru aðeins til upplýsingar fyrir kjósendur um það hverjir eru í framboði og hver númer frambjóðenda eru.

Listar eru ekki prentaðir á kjörseðil heldur rita kjósendur númer þess eina frambjóðanda sem þeir kjósa á seðilinn. Um leið eru þeir að greiða þeim lista sem frambjóðandinn tilheyrir atkvæði sitt. Fjöldi atkvæða hvers frambjóðanda ræður endanlegri röðun og listinn fær samanlögð atkvæði allra frambjóðenda sem tilheyra viðkomandi lista.

Góðir fundarmenn!

Samráðshópurinn sem forsætisráðuneytið setti á laggirnar á sl. sumri til þess að ræða og undirbúa frumvörp um persónukjör við sveitarstjórnarkosningar og Alþingiskosningar ræddi ýmsar útgáfur persónukjörs en mjög fljótlega voru lagðar línur um það að horft skyldi til aðferðarinnar sem Írar hafa notað um langa tíð.



Glæra 10

Forgangsröðunaraðferð við persónukjör er á ensku nefnd Single Transferable Vote, skammstafað STV og er talin eitt þróaðasta kosningakerfi sem þekktist og á það rætur sínar að rekja til Danmerkur og Bretlands á fyrri hluta 19. aldar. STV hefur fest rætur nokkuð víða í hinum enskumælandi heimi og tvinnar saman persónukjör og flokksval.

Á Írlandi hefur þetta kerfi verið notað frá árinu 1921 og er þar notað alfarið við kosningar hvort sem það er til þjóðþings, til Evrópuþingsins, við sveitarstjórnarkosningar eða í forsetakosningum, enda er einn heildarlagabálgur um kosningar þar í landi.

Það er mikilvægur eiginleiki þessarar aðferðar að vannýtt atkvæði eru færð milli frambjóðenda í samræmi við forgangsröðun kjósendanna. Kjósandi raðar frambjóðendum með tölustöfunum 1, 2, 3 o.s.frv. Hann þarf þó ekki að raða nema einum eða tveimur eða þremur en talnaröðin verður að vera órofin. Forgangsröðunin endurspeglar óskir kjóсандans um það í hvaða röð frambjóðendur eiga að vera.


Uppgjörið er þannig útfært að lesið er í vilja kjósenda til hins ýtrasta. Lendi kjósandinn í minni hluta þannig að sá frambjóðandi, sem hann lagði mesta áherslu á, nær ekki kjöri er litið á aðrar óskir kjóсандans um val á frambjóðendum.

Ekki reyndist vera almennur vilji hjá fulltrúum þingflokka í samráðshópnum til þess að ganga svo langt að þessu sinni að heimila kjósendum að forgangsráða frambjóðendum þvert á lista.

Það er því ekki verið að hrófla með neinum hætt við lista-
kosningu og hlutfallskosningakerfinu hér á landi. Eingöngu er
lagt til að kjósendum verði gefið fullt vald til að velja þá
sveitarstjórnarmenn sem þeir vilja helst að nái kjöri af þeim
lista sem þeir veita atkvæða sitt.

Listar frambjóðenda til persónukjörs eru því boðnir fram
óraðaðir og þeim stillt upp í stafrófsröð en hlutað um efsta
mann.

Og í þessu felst frávikið í þessari íslensku
forangsröðunaraðferð frá STV-aðferðinni sem gengur út á
það að velja einstaklinga þvert á lista.



Kjörseðill við sveitarstjórnarkosningar í Rangárbæingum 15. maí 980

Kjósandi skal merkja með krossi framan við bókstaf þess lista sem hann greiðir atkvæði sitt.
Kjósandi getur forgangsraðað frambjóðendum á efri hluta þess lista sem hann greiðir atkvæði með því að rita framan við nöfn frambjóðanda tölustafi frá 1 og upp í 7. Ekki er nauðsynlegt að forgangsraða öllum frambjóðendum.
Ekki skal gera aðrar breytingar á kjörseðlinum.

<input type="checkbox"/> C	<input type="checkbox"/> N	<input type="checkbox"/> Q
Listi	Listi áhugamanna um samfélagsmál	Listi
	Hjörtur Hámondarson	
	Njáll Þorgeirsson	
	Skarphéðinn Njálsson	
	Bergþóra Skarphéðinsdóttir	
	Gunnar Hámondarson	
	Grímar Njálsson	
	Hallgerður Höskuldadóttir	
	8 Grani Gunnarsson	
	9 Kári Sölmundarson	
	10 Þorgerður Njáladóttir	
	11 Þráinn Stígússon	
	12 Sigmundur Lambason	
	13 Ketill Stígússon	
	14 Mörður Valgarðsson	

Glæra 11

Meðan á vinnu samráðshópsins stóð sl. sumar skemmtu starfmenn sambandsins sér við að prófa forgangsröðunar- aðferðina og efnt var til persónukjörs kjósenda ákveðins lista í tilbúnu sveitarfélagi sem tímasett var fyrir um það bil 1000 árum.

Og hér sjáum við hugmynd að kjörseðli sem var notaður í þessari tilraunarkosningu.

C og Q listar buðu aðeins fram lágmarksfjölda frambjóðenda í 7 manna sveitarstjórn á persónukjörshlutanum, en N-listinn, listi áhugamanna um samfélagsmál, valdi að raða í 7 neðri sæti listans.

Forgangsröðunarkerfið er auðvelt fyrir kjósandann og má í því sambandi benda á að athöfn kjósandans er lík því og tíðkast hefur í prófkjörum hér á landi þar sem þátttakendur hafa númerað tiltekinn fjölda frambjóðenda, þ.e. forgangsraðað þeim.

Í forgangsröðunarkerfinu er talning atkvæða eitthvað flóknari í einstökum smáatriðum en við eigum að venjast í núverandi kosningarkerfi. Hún er aftur á móti rökrétt og ætti þar með að vera vel skiljanleg öllum að grunni til. Talningin er tímafrekari en nú er, en með því að tölvuvæða hana má leysa það vandamál og stytta verulega þann tíma sem það tekur að fá endanleg úrslit kosninganna, þ.e.a.s. hverjir frambjóðenda á persónukjörshluta listans hafa hlotið kosningu og í hvaða röð.

En lítum á niðurstöður í persónukjörinu í Rangárbæingum:



NIÐURSTAÐA

Tilraunakosning í Rangárþingi	
a) Alls greidd atkvæði í persónukjöri	148
b) Ógild atkvæði	5
c) Gild atkvæði í persónukjöri	143
d) N-listinn fær kjörna x fulltrúa (d'Hondt's)	4
e) Reiknaður sætishlutfur = $c / (d+1)$	28,6


Glæra 12

Rétt er að taka fram að N-listinn fékk fleiri atkvæði en 148, einhvern ótiltekinn fjölda atkvæða sem dugðu honum til þess að fá 4 menn kjörna eða hreinan meirihluta.

Allir kjósendur listans nýttu sér aftur á móti ekki rétt sinn til þess að forgangsraða frambjóðendum, létu öðrum það eftir að raða á listann.

Bendi á mikilvæga tölu, svokallaðan sætishlutfur sem frambjóðendur þurfa að ná til þess fá sæti í sveitarstjórninni. Sætishlutfur er sama sem gild atkvæði í persónukjöri deilt með fjölda sæta plús einn – í þessu tilviki 28,6.


En nú kemur að skemmtilegasta hluta talningarinnar. Hér koma nokkrar glætur sem sýna okkur í hnotskurn hvernig þetta gengur fyrir sig.



Glæra 13

Rauða línan er sætishlutturinn 28,6 og hér sjáum við hvernig atkvæði féllu í fyrsta sæti.


Hallgerður fær 34 atkvæði og hlýtur kosningu strax þar sem hún fer yfir sætishlutinn. Næstir koma svo Hjörtur með 27, Skarphéðinn 22, Bergþóra og Gunnar með 19 atkvæði hvort og Njáll þar á eftir með 18. Grímur Njálsson rekur svo lestina með 4 atkvæði í fyrsta sæti.



Glæra 14

Og nú þarf að færa umframatkvæði Hallgerðar til þeirra sem var forgangsraðað í 2. sæti á eftir henni í réttum hlutföllum.


Enginn nær sætishlut og því er næst skoðað hver er með fæst atkvæði og það reynist vera Grímur Njálsson.



Glæra 15

Grímur er nú fjarlægður og atkvæði hans eru þá færð á þá frambjóðendur sem voru í öðru sæti hjá honum og í 3. sæti hjá Hallgerði ef um það var að ræða.

Enginn nær sætishlut enn og því er skoðað hver nú er með fæst atkvæði og það er Njáll Þorgeirsson.



Glæra 16

Atkvæði Njáls eru nú færð og þá skreppa Bergþóra og Hjörtur yfir rauðu línuna 28,6.

Og svo eru umframatkvæði Bergþóru færð og þá nær Gunnar Hámundarson sætishlutnum.

Þar með er ljóst hvernig þetta fór allt saman.



SAMANBURÐUR


Röðun	Forgangsröðunaraðferð	Prófkjörsaðferð
1. sæti	Hallgerður Höskuldsdóttir	Hallgerður Höskuldsdóttir
2. sæti	Bergþóra Skarphéðinsdóttir	Bergþóra Skarphéðinsdóttir
3. sæti	Hjörtur Hámundarson	Skarphéðinn Njálsson
4. sæti	Gunnar Hámundarson	Gunnar Hámundarson
5. sæti	Skarphéðinn Njálsson	Njáll Þorgeirsson
6. sæti	Njáll Þorgeirsson	Hjörtur Hámundarson
7. sæti	Grimur Njálsson	Grimur Njálsson

Glæra 17

Hér sjáum við niðurstöðun og til samanburðar hvernig úrslit hefðu orðið ef prófkjörstalningu hefði verið beitt.

Prófkjörsaðferðin er meirihlutaaðferð þar sem sami meirihluti getur ráðið allri röð listans en forgangsröðunaraðferðin er hlutfallsaðferð sem tryggir minnihlutanum sinn skerf við úthlutun sæta.

Í raun má líta svo á að sú tillagan sem hér er á ferðinni um persónukjör, forgangsröðunin, gangi út á að breyta fyrirkomulaginu við persónukjör fremur en að verið sé að innleiða slíkt fyrirkomulag í fyrsta sinn. Persónukjör hefur hins vegar ýmsa kosti fram yfir prófkjör, þar á meðal að í persónukjöri er hægt að tryggja að engir hafa áhrif á samsetningu lista aðrir en þeir sem kjósa listann, sem er ekki hægt að tryggja í prófkjörum. Að auki tekur aldrei nema lítill hluti kjósenda þátt í prófkjörum enda vilja margir ekki gefa með þeim hætti upp hvaða flokk þeir styðja. En með persónukjöri af því tagi sem hér er lagt til er öllum gefinn kostur á því að velja sér frambjóðendur af þeim lista sem þeir kjósa við leynilegar kosningar.



Glæra 18

Bent hefur verið á að í persónukjöri sé á engan hátt tryggt að jafnræði verði á milli kynjanna í efstu sætum framboðslista.

Það eru engar rannsóknir fyrirleggjandi sem sýna það að eitt kosningakerfi sé óhagstæðara konum en önnur kerfi. Fyrst og fremst er það samfélagsgerðin, menningin og flokkarnir sem ráða því hver framgangur kvenna er í kosningum.

T.d. er hlutur kvenna við óbundnar sveitarstjórnarkosningar hér á landi, þ.e. persónukjör, ekki miklu lakari en hlutur kvenna við hlutbundnar listakosningar. Í kosningunum 2006 voru 93 fulltrúar kjörnir persónukjöri við óbundnar kosningar og þar af 31 kona eða 33,3%. Kjörnir fulltrúar í hlutbundnum listakosningum voru 436 og þar af 158 konur eða 36,2%.

Íslenskar rannsóknir benda til þess að konum gangi ekki verr en körlum í prófkjörum sé tekið tillit til þess í hvaða sæti þær bjóða sig fram.



Glæra 19

Fullyrða má að engin þekkt aðferð við persónukjör nái með eins afgerandi hætti að endurspegla vilja kjósenda til þess hvaða frambjóðendur skuli ná kjöri og forgangsröðunaraðferðin.

Er uppgjörsaðferðin það fullkomin að segja má að nær hvert einasta atkvæði hafi áhrif í persónukjörinu



Glæra 20

En hver eru markmiðin með þeirri tillögu sem lögð var fram í sumar og er enn til umfjöllunar á Alþingi?

Í greinargerð með frumvarpinu sem lagt var fram af dómsmálaráðherra er lögð áhersla á að markmiðið sé að efla lýðræði. Þannig er m.a. brugðist við háværum röddum um lýðræðisumbætur, sem heyrst hafa á undanförunum misserum.

Með persónukjöri eru áhrif kjósenda á það hvaða einstaklingar fá umboð þeirra til setu í sveitarstjórnnum aukin um leið og dregið er úr áhrifum flokkanna. Kjósendum er gefið fullt vald til að velja þá sveitarstjórnarfulltrúa sem þeir vilja helst að nái kjöri af þeim lista sem þeir greiða atkvæði sitt.

Má í því samhengi segja að persónukjör dragi úr flokksræði eða möguleikum flokkanna til þess að ákveða sjálfir hvaða fulltrúar þeirra nái kjöri í kosningum.

Eftir stendur þó að það er flokkanna að ákveða hvaða einstaklinga þeir bjóða fram til persónukjörs og hvaða aðferðum þeir beita við val á þeim hópi og geta þeir því þrátt fyrir persónukjör haft umtalsverð áhrif á það hvaða einstaklingar nái kjöri fyrir þeirra hönd.

En hvort markmiðin nást með þeirri tegund persónukjörs sem tillagana gengur út á er svo annað mál og vissulega hefði verið mikill akkur í því að hafa lengri tíma til þess að skoða betur þau persónukjörskerfi sem notuð eru víða um heim, bera þau saman og ræða kosti þeirra og galla.



Glæra 21 Ef tíminn leyfir svara ég fyrirspurnum, en læt standa hér á skjánum tvær myndir frá kosningum á Írlandi.

Ég þakka gott hljóð.

Kjörseðill við sveitarstjórnarkosningar í Rangárþingi 15. maí 980

Kjósandi skal merkja með krossi framan við bókstaf þess lista sem hann greiðir atkvæði sitt.
Kjósandi getur forgangsraðað frambjóðendum á efri hluta þess listasem hann greiðir atkvæðimeð því að rita framan við nöfn frambjóðanda tölustafi frá 1 og upp í 7. Ekki er nauðsynlegt að forgangsraða öllum frambjóðendum.
Ekkiskal gera aðrar breytingar á kjörseðlinum.

<input type="checkbox"/> C Listi	<input type="checkbox"/> N Listi áhugamanna um samfélagsmál	<input type="checkbox"/> Q Listi
.....	Hjörtur Hámundarson
.....	Njáll Þorgeirsson
.....	Skarphéðinn Njálsson
.....	Bergþóra Skarphéðinsdóttir
.....	Gunnar Hámundarson
.....	Grimur Njálsson
.....	Hallgerður Höskuldsdóttir
	8 Grani Gunnarsson	
	9 Kári Sölmundarson	
	10 Þorgeirður Njálsdóttir	
	11 Þráinn Sigfússon	
	12 Sigmundur Lambason	
	13 Ketill Sigfússon	
	14 Mörður Valgarðsson	